

Dags eftirlits	16.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Karelsson	Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirlitinu og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Krossanesi, Akureyri. Heimilt er að allt að 7.304 m³ af olíu í stöðinni og allt að 1.170 m³ af bensíni. Þá er heimil móttaka á allt að 2.000 tonnum af úrgangsolíu í stöðinni á ári. 8 geymar eru í stöðinni og allir í notkun fyrir utan einn geymir, merktur 602-B204. Í stöðinni eru geymd Bensín, MGO- og dísel olía.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engin ábending var sett fram. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum né umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

Þrjár lagnir utan mengunarvarnarþróar voru þrýstiprófaðar árið 2017 en aðrar árið 2019 og eru í lagi. Minnt er á að þrýstiprófa skal lagnirnar á 5 ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Allir geymarnir hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og er næsta þykktarmæling á geymi merktum nr. 602-B207 árið 2023. Geymir merktur 602-B204 stendur tómur en búið er að þykktarmæla hann og lagfæra og er hann tilbúinn til notkunar. Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila skýrslu um mælinguna til samþykktar áður en geymirinn er tekinn til notkunar.

Lágréttur slattageymir sem staðsettur var í eystri þrónni og athugasemd var gerð um í eftirliti ársins 2017 varðandi að skráningar og merkingar vantaði, hefur nú verið fjarlægður og honum fargað.

Tvær olíuskiljur taka við frárennsli frá lekaþró og áfyllingarplani stöðvarinnar. Fer það um sandfang og þaðan til olíuskiljanna. Sjálfvirkir lokar eru fyrir olíuskiljurnar og lokast þeir sjálfkrafa, greinist olía í frárennsli stöðvarinnar. Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi og eru þær yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum. Skiljurnar voru síðast tæmdar og hreinsaðar þann 14. sept. sl. og sá Hreinsitækni ehf. um það verk. Mælingu á olíu í fráveitu skiljanna skal gera að lágmarki þriðja hvert ár skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Gerð eru olíupróf með Macherey-Nagel strimlum mánaðarlega í báðum skiljum og niðurstöður skráðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar.

Aðstaða fyrir áfyllingu og losun flutningabíla fyrir olíu og bensín er á lóð stöðvarinnar. Búnaður fyrir litun og blöndun þegar fyllt er á bíla, löndun olíu og bensíns úr skipum, lestun olíu í skip og annar búnaður er í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994. Skýrar verklagsreglur eru um löndun olíu.

Ekki er krafa um að stöðin í Krossanesi hafi gufusöfnunarbúnað þar sem skv. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyririggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað.

Daglegar skráningar eru gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Farið var yfir þær skráningar í eftirlitinu og engin ábending gerð þar um. Almenn viðhald er skráð sem og eftirlit og bilanir á mengunarvarnarbúnaði. Rafræn rekstrarhandbók er einnig til staðar inni í CCQ gagnagrunni sem aðgengilegur er öllum starfsmönnum bæði í tölvu og síma, fyrir allar stöðvar rekstraraðila. Öryggisblöð skv. REACH eru vistuð í rafrænni rekstrarhandbók sem og

útprentuð í möppu sem aðgengleg er í stöðinni.

Skipuleg 6 vikna þjálfun er fyrir alla nýja starfsmenn en starfsmannavelta stöðvarinnar er lítil. Námskeið eru einnig haldin með reglulegu millibili fyrir eldri starfsmenn.

Spilliefnum sem falla til við reksturinn s.s. olíublautar tuskur, er skilað inn til Terra. Gerður hefur verið samningur við Terra um ýtarlega flokkun úrgangs fyrir allar stöðvar Skeljungs og verður þeirri vinnu startað nú á allra næstu dögum.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, sem og verklagsreglur um löndun olíu eru til staðar í stöðvarhúsi og á sameiginlegu drifi rekstraraðila.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, lekavarnir, lagnir, geymar og brunnar við olúskiljur voru sjónskoðaðir. Hlið stóð læst þegar að var komið og girðingar voru heilar og í lagi. Stöðin var öll snyrtileg á að líta.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.


ANNAD

Viðstaddur eftirlitið var einnig fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.09.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir